



Alþingi
Erindi nr. P 127/1794
komudagur 10.4.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

LHG/115/9.6/HH/sig
Reykjavík 9. apríl 2002.

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um um breytingar á lögum nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 575. mál.

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemdir:


1. Í 2. gr. frumvarpsins er bætt við skilgreiningum. Þar mætti einnig bæta við skilgreiningu á orðinu strandsiglingar.
2. Í 8. gr. frumvarpsins d) lið (16.gr.) undir fyrirsögninni „Varðskip” er miðað við 18 ára aldur stýrimanns á varðskipi. Í lögum nr. 112/1984, V. kafla, 11. gr. er kveðið á um að enginn geti öðlast stýrimannsréttindi né skipstjóraréttindi nema hann hafi náð 20 ára aldri. Ekki verður séð að rök hafi verið færð fyrir þessari lækkun aldursskilyrðis. Stýrimenn eru handhafar löggæsluvalds skv. 3. tl. 9. gr. laga nr. 90/1996 og skv. 38. gr. sömu laga skulu lögreglumannsefni vera 20-35 ára.

Á sama stað í frumvarpinu er talað um skipstjóra á varðskipi. Hefð hefur skapast fyrir því að skipstjórar á varðskipum eru nefndir skipherrar. Landhelgisgæslan vill halda í þá hefð.

3. Í 8. gr. frumvarpsins b. lið (14. gr.) er fjallað um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á fiskiskipum. Gefinn er kostur á því að hafa færri í áhöfn en nógildandi lög gera ráð fyrir ef útivera skips fer ekki fram úr ákveðnum tímafjölda. Tilgangurinn með þessari reglu næst e.t.v. ekki alls staðar, m.a. þar sem stutt er á miðin eins og t.d. í Vestmannaeyjum. Þar er einungis hálf tíma sigling á miðin og auðvelt að sigla til hafnar og landa og halda strax aftur til veiða án þess að hvíld náist. Þ.a.l. gæti verið hentugra að miða við það að viðvera skips í höfn verði 1/3 af útiveru síðustu ferðar.



4. Í 8. gr. e. lið (17. gr.) undir fyrirsögninni „Skemmtibátar” er miðað við að skipstjóri á bátum undir 50 brúttótonnum skuli hafa náð 16 ára aldri. Landhelgisgæslan telur réttara að miða a.m.k. við 17 ár. Eðlilegt er að gera svipaðar kröfur til manna sem stjórna ökutækjum og skemmtibátum.
5. Frumrit skírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem skírteinishafi er skráður eða ráðinn á skv. lögum 76/2001, 7. mgr. 9. gr. Landhelgisgæslan telur rétt að bæta við þessa mgr. „og skal hann sýna það þegar handhafi löggæsluvalds krefst þess”.



Hafsteinn Hafsteinsson
forstjóri.